

málalaga nr. 85/1936, enda verður sú nauðsyn ekki talin fyrir hendi, að 2. mgr. 1. tl. nefndrar greinar eigi hér við.

Afstaða til málskostnaðar í þessum þætti málsins verður tekin við væntanlegan efnisdóm í því.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Stefnda, Ármanni Magnússyni, er ekki skylt að svara spurningum lögmanns stefnanda, Stefáns Hirst, á dóm skjali nr. 26 í máli þessu.

Priðjudaginn 12. ágúst 1980.

Nr. 128/1980. Valdstjórnin

gegn

Sævari Erni Helgasyni.

Kærumál. Bráðabirgðaökuleyfisvipting. Radarmælingar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramennir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Með kæru 29. júlí 1980, sem barst Hæstarétti 31. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. XXI. kafla laga nr. 74/1974, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafist þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur svo og ákvörðun lögreglustjóra um bráðabirgðaökuleyfisviptingu.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Samkvæmt sakavottorði varnaraðilja sætti hann með dómi sakadóms Ísafjarðarkaupstaðar 1. júlí 1965 fjársekt og var sviptur ökuleyfi í 4 mánuði fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum. Frá 1970 hefur hann samkvæmt sakavottorði sætt eftirfarandi viðurlögum fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum:

- „1970 5/2 í Reykjavík: Dómur: Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 17. des. 1969. Ekki gerð sérstök refsing fyrir brot gegn 25., 26. og 37. gr. umferðarlaga.
- 1972 25/8 í Reykjavík: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot gegn 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga. (Dómur nr. 373/72).
- 1973 29/3 í Reykjavík: Dómur: 5 daga varðhald (hegn-ingarauki) fyrir brot (sic) 27., sbr. 80. gr. umferðarlaga.
- 1976 5/5 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.
- 1979 19/9 í Reykjavík: Sátt, 200.000 kr. sekt fyrir brot á 25. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengis-laga. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 13/7 '79.
- 1979 14/12 í Reykjavík: Dómur: 180.000 kr. sekt fyrir brot gegn 27. gr. umferðarlaga.“

Meðal gagna máls er yfirlit frá lögreglunni í Reykjavík yfir ítrekuð afskipti lögreglu af varnaraðilja vegna ætlaðra brota hans á umferðarlögum, þ. á m. vegna ólögmæts ökuhraða.

Samkvæmt auglýsingu um umferð í Reykjavík nr. 188/1971, 6. tölulið, er hámarkshraði á Kringlumýrarbraut 60 km miðað við klst. á kaflanum frá Miklubraut að mörkum lögsagnarumdæmis Reykjavíkur í Fossvogi.

Með vísan til þess, sem í ljós er leitt um sakaferil og ökuferil varnaraðilja, svo og þess, er greinir í hinum kærða úrskurði, þykja eigi efni til að hnekkja þeirri ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík að svipta varnaraðilja ökuleyfi til bráðabirgða. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 29. júlí 1980.

Ár 1980, þriðjudaginn 29. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ágúst Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir eru sem hér segir:

Laugardaginn 19. júlí sl. voru lögreglumenn við hraðamælingar

með radar á Kringlumýrarbraut um miðja vegu milli Bústaðavegar og Sléttuvegar og mældu hraða bifreiða, sem óku til suðurs að Sléttuvegi. Klukkan 2357 hafði lögreglan afskipti af kærða, Sævari Erni Helgasynti, Hátúni 6, Reykjavík, sem ók bifreiðinni R 71694 áðurgreinda leið. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar mældist hraði bifreiðar hans 105 km/klst., en heimilaður hámarkshraði er 60 km/klst. Kærði var færður fyrir aðstoðarvarðstjóra á lögreglustöð og var gert að afhenda ökuskirteini sitt.

Mánudaginn 21. júlí sl. var kærði yfirheyrður af lögreglu. Kvaðst hann hafa ekið eftir Kringlumýrarbraut umrætt sinn og verið á leið til Hafnarfjarðar. Á móts við „gamla Bústaðavegin“ hafi önnur bifreið verið fyrir framan hans á hægri akrein og hann þá ekið yfir á þá vinstri og fram fyrir hana, en síðan aftur yfir á hægri akrein. Þá hafi hann veitt athygli lögreglu-bifreiðinni og kvaðst hafa dregið úr hraða bifreiðarinnar, enda verið kominn fram úr áðurnefndri bifreið. Kærði kvaðst hafa litið á hraðamælinn, þegar hann hafði ekið fram úr bifreiðinni og var að draga úr ferð, og hafi hann þá sýnt 85 km/klst, en áður en hann jók hraðann til þess að komast fram fyrir bifreiðina, hafi hann ekið með 70 km hraða á klst.

Kærði sagði, að ekki hefðu verið aðrar bifreiðar á þessum vegar-kafli en sú, sem hann ók fram úr, og ein, sem lögreglan hafði stöðvað.

Að lokinni yfirheyrslu var kærða birt ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík um sviptingu ökuleyfis til bráðabirgða, dags. 21. þ. m.

Þeir lögreglumenn voru við hraðamælinguna, þeir Ingi Þór Þorgrímsson og Ólafur Egilsson, sem voru í lögreglubifreiðinni og lásu af skermi, sem tengdur er radarnum, og Jónas Sigurðsson, sem var við Sléttuveg og stöðvaði bifreiðar, sem óku of hratt. Þessi vitni voru yfirheyrð hjá lögreglu þann 21. júlí sl.

Vitnin Ingi Þór og Ólafur kváðu litla umferð hafa verið um Kringlumýrarbraut á þessum tíma. Þeim bar saman um, að hraði bifreiðarinnar R 71694 hefði mælst 105 km/klst., og kváðu hraðann hafa verið hinn sama, frá því að bifreiðin kom inn í ratsjárgeislann og þar til skömmu áður en henni var ekið út úr honum aftur, en þá hafi verið dregið úr hraðanum. Þeir kváðu enga aðra bifreið hafa verið nálæga og því hafi ratsjain ekki mælt hraða annarrar bifreiðar en bifreiðar kærða.

Vitnin kváðu ratsjána alltaf vera reynda bæði fyrir og eftir hraðamælingar samkvæmt sérstökum fyrirmælum frá framleið-

anda og hefði svo verið í umrætt sinn og tækið reynst mæla rétt.

Vitnið Jónas Sigurðsson kvaðst hafa verið við Sléttuveg og fengið boð frá hinum lögreglumönnum um talstöð um að stöðva bifreiðar, sem óku of hratt. Kvað það mjög litla umferð hafa verið á þessum tíma. Skyndilega hafi verið kallað í talstöðina: „Einn á 105“. Hafi vitnið þá litið til norðurs og séð bifreið, sem ekið var „allgreitt“. Kvað vitnið hafa verið „greinilegt, að ökumaður hægði ferðina, er hann sá mig.“

Vitnið stöðvaði bifreiðina, sem var R 71694, og ræddi við kærða, sem kvaðst hafa ekið með 85 km hraða á klst. Vitnið sagði, að ekki hefðu verið aðrar bifreiðar á ferð en bifreið kærða og því ekki vafi á, að það var hún, sem mældist.

Kærða var í gær boðið að ljúka máli þessu með dómssátt og greiðslu 50.000 króna sektar og að sæta ökuleyfissviptingu í 2 mánuði, en hann hafnaði því. Kvaðst hann telja hraðamælinguna vera ranga og sagði, að hann hefði ekið með 85 km hraða á klst. Þá kvað hann farþega, sem var í bifreiðinni með honum, ekki hafa verið yfirheyrðan um mál þetta. Loks krafðist hann úrskurðar um ákvörðun lögreglustjóra um sviptingu ökuleyfis til bráðabirgða, sbr. 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Misræmis gætir í framburði kærða annars vegar og lögreglu mannanna þriggja hins vegar, m. a. um umferð um Kringlumýrabraut umrætt sinn. Kærði hefur vefengt hraðamælinguna og jafnframt óskað þess, að farþegi í bifreið hans verði yfirheyrður.

Þegar virt eru þau gögn málsins, sem nú liggja fyrir, þykja ekki efni til að svo stöddu að verða við kröfu kærða um, að felld verði úr gildi ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 21. júlí sl., og verður hún því staðfest.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 21. júlí sl., um, að kærði, Sævar Örn Helgason, Hátúni 6, Reykjavík, skuli sviptur ökuleyfi til bráðabirgða, er staðfest.